



Borgarráð

Reykjavík, 10. mars 2025

MSS25010170

Breyting á ráðgefandi hæfnisnefnd vegna ráðningar sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki breytingu á hæfnisnefnd vegna ráðningar sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar á þann hátt að Þráinn Hafsteinsson, aðjúnkt í íþróttá- og heilsufræði við Háskóla Íslands taki sæti í hæfnisnefndinni í stað Gylfa Dalmann Aðalsteinssonar sem hefur sagt sig úr nefndinni. Áður hafði borgarráð samþykkt á fundi þann 30. janúar sl. skipan í nefndina. Annað er óbreytt í erindisbréfi.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf ráðgefandi hæfnisnefndar vegna ráðningar sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs, uppfært, ódags.

Tillaga vegna undirbúnings ráðningar í starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 27. janúar 2025.



Reykjavík, [dags]. mars 2025

MSS25010170

ERINDISBRÉF

Ráðgefandi hæfnisnefnd vegna ráðningar í starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Borgarráð hefur það hlutverk samkvæmt 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum. Á fundi borgarráðs þann 28. október 2021 voru samþykktar reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg. Tilgangur þeirra er að stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningaferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum. Í b. lið 3. gr. reglna um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður, dags. 28. október 2021, segir að skipa skuli ráðgefandi hæfnisnefnd, þegar borgarráð ræður í æðstu stjórnunarstöður, sem hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir og leggja mat á hæfni umsækjenda.

Hlutverk:

Nefndin skal leggja rökstutt mat á hvort umsækjendur uppfylli skilyrði auglýsingar sem og að meta hæfni þeirra út frá þeim matsviðmiðum sem nefndin setur í upphafi ráðningarferilsins.

Markmið:

Ráðgefandi hæfnisnefnd skal stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og að ráðningaferlið sé þannig að gagnsæi og jafnræði sé haft að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum, sbr. reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru í borgarráði 28. október 2021. Jafnframt skulu reglur nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands gilda um störf hæfnisnefndar eftir því sem við á, það er þau atriði sem snúa að sérstöku hæfi nefndarmanna, verkefnum hæfnisnefndar og málsmeðferð, skýrslu nefndarinnar, þagnarskyldu og varðveislu gagna og aðgangi að þeim.

Helstu verkefni:

- Hæfnisnefnd skal leggja mat á umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferil.
- Jafnframt skal hæfnisnefnd sinna öðrum hefðbundnum störfum í ráðningarferlinu í samræmi við þá tilhögun ráðningarferlis sem kynnt er í borgarráði.



Reykjavík



- Í störfum sínum ber hæfnisnefnd að fara að stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og öðrum lögum og reglum eftir því sem við á.
- Hæfnisnefnd skal setja saman skýrslu um störf sín þar sem fram komi m.a. mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur teljast hæfastir miðað við skilgreind hæfnisviðmið um starfið.
- Í skýrslu skal vera samantekt um hvern umsækjanda sem uppfyllir skilyrði auglýsingar og upplýsingar um hvaða sjónarmið voru ráðandi við matið.

Nefndarmenn:

Hæfnisnefndina skipa María Rut Reynisdóttir, sem jafnframt er formaður, Þráinn Hafsteinsson aðjúntkt og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissvið, í samræmi við b. lið 3. gr. reglna um ráðningu borgarráðs í æðstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborgar, dags. 28. október 2021.

Ráðgjafafyrirtækið Intellecta skal sinna utanumhaldi og stuðningi við hæfnisnefndina.

Starfstímabil:

Hæfnisnefndin skal skila ábyrgðaraðila niðurstöðum sínum innan fjögurra vikna frá því umsóknarfresti um stöðuna lýkur.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Borgarráð

Reykjavík, 27. janúar 2025

MSS25010170

Undirbúningur vegna ráðningar í starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða auglýsingu um starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs, hjálagt erindisbréf um skipan ráðgefandi hæfnisnefndar vegna ráðningar í starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs, auk hjálagðrar áætlunar um ráðningarferil vegna starfs sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 23. janúar 2025 beiðni sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs um tímabundið leyfi frá starfi sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar í allt að 5 ár í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1995.

Borgarráð hefur það hlutverk að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum, sbr. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum. Í samræmi við reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, sem samþykktar voru 28. október 2021, skal borgarstjóri leggja fram tillögu að auglýsingu um starfið, tillögu að skipan ráðgefandi hæfnisnefndar ásamt tillögu að áætlun um ráðningarferli til samþykktar í borgarráði.

Tilgangur reglna um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg er að stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningaferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggja að baki vali á stjórnendum.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Auglýsing um starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs

Erindisbréf ráðgefandi hæfnisnefndar vegna ráðningar í starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs

Áætlun um ráðningarferil – sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs

Reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, dags. 28. október 2021



Auglýsing um starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar.

Menningar- og íþróttasvið er tiltölulega nýtt sameiginlegt svið innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar sem varð til með sameiningu menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs 1. janúar 2023. Menningar- og íþróttasvið ber ábyrgð á skipulagi, rekstri og þjónustu menningarstofnana, íþróttamannvirkja og margvíslegum stuðningi og samstarfi við menningar- og íþróttalífið.

Launakjör sviðsstjóra heyrir undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Sviðsstjóri heyrir beint undir borgarstjóra og um störf hans gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Ráðið er af borgarráði í starf sviðsstjóra til fimm ára.

Ábyrgðarsvið

- Ábyrgð og dagleg yfirstjórn og samhæfing þjónustu og starfskrafta menningar- og íþróttasviðs.
- Ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum.
- Leiðir áframhaldandi þróun og uppbyggingu nýs sviðs.
- Undirbúningur mála fyrir menningar-, íþrótt- og tómsundaráð og ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins.
- Stefnumótun í menningar-, íþróttamálum í samvinnu við menningar-, íþróttaráð.
- Forysta við þróun og innleiðingu nýrra hugmynda og úrræða í menningar- og íþróttamálum ásamt mati á árangri og eftirliti.
- Ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun ásamt annarri áætlanagerð fyrir menningar- og íþróttasvið.
- Samráð við Bandalag íslenskra listamanna, menningarsamtök, ÍBR og íþróttahreyfinguna og aðra hagsmunaaðila um menningar- og íþróttamál.
- Samstarf við opinbera aðila í menningar- og íþróttamálum innanlands og utan.
- Tilheyrir yfirstjórn og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun nauðsynleg.
- Þekking og/eða reynsla af málaflokkum menningar og íþróttar.
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af því að leiða breytingar.
- Þekking og reynsla af rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnarsýslu, stefnumótunarvinnu, þjónustustarfsemi og áætlunargerð.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Þekking og reynsla af samningagerð og undirbúningi samninga.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2025.

Umsjón með ráðningu hefur ráðningastofan Intellecta. Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Skipuð



verður 3ja manna hæfisnefnd sem mun vinna úr öllum umsóknum í samráði við Intellecta. Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran í netfanginu thelma@intellecta.is og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar í netfanginu (loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is). Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.



Reykjavík, 27. janúar 2025

MSS25010170

ERINDISBRÉF

Ráðgefandi hæfnisnefnd vegna ráðningar í starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Borgarráð hefur það hlutverk samkvæmt 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum. Á fundi borgarráðs þann 28. október 2021 voru samþykktar reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg. Tilgangur þeirra er að stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningaferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum. Í b. lið 3. gr. reglna um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður, dags. 28. október 2021, segir að skipa skuli ráðgefandi hæfnisnefnd, þegar borgarráð ræður í æðstu stjórnunarstöður, sem hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir og leggja mat á hæfni umsækjenda.

Hlutverk:

Nefndin skal leggja rökstutt mat á hvort umsækjendur uppfylli skilyrði auglýsingar sem og að meta hæfni þeirra út frá þeim matsviðmiðum sem nefndin setur í upphafi ráðningarferilsins.

Markmið:

Ráðgefandi hæfnisnefnd skal stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og að ráðningaferlið sé þannig að gagnsæi og jafnræði sé haft að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum, sbr. reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru í borgarráði 28. október 2021. Jafnframt skulu reglur nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands gilda um störf hæfnisnefndar eftir því sem við á, það er þau atriði sem snúa að sérstöku hæfi nefndarmanna, verkefnum hæfnisnefndar og málsmeðferð, skýrslu nefndarinnar, þagnarskyldu og varðveislu gagna og aðgangi að þeim.

Helstu verkefni:

- Hæfnisnefnd skal leggja mat á umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferil.
- Jafnframt skal hæfnisnefnd sinna öðrum hefðbundnum störfum í ráðningaferlinu í samræmi við þá tilhögun ráðningaferlis sem kynnt er í borgarráði.



- Í störfum sínum ber hæfnisnefnd að fara að stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og öðrum lögum og reglum eftir því sem við á.
- Hæfnisnefnd skal setja saman skýrslu um störf sín þar sem fram komi m.a. mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur teljast hæfastir miðað við skilgreind hæfnisviðmið um starfið.
- Í skýrslu skal vera samantekt um hvern umsækjanda sem uppfyllir skilyrði auglýsingar og upplýsingar um hvaða sjónarmið voru ráðandi við matið.

Nefndarmenn:

Hæfnisnefndina skipa María Rut Reynisdóttir, sem jafnframt er formaður, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson prófessor og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissvið, í samræmi við b. lið 3. gr. reglna um ráðningu borgarráðs í æðstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborgar, dags. 28. október 2021.

Ráðgjafafyrirtækið Intellecta skal sinna utanumhaldi og stuðningi við hæfnisnefndina.

Starfstímabil:

Hæfnisnefndin skal skila ábyrgðaraðila niðurstöðum sínum innan fjögurra vikna frá því umsóknarfresti um stöðuna lýkur.

Reykjavík, [Dags.]
Einar Þorsteinsson

Áætlun
um ráðningarferli vegna ráðningar í starf
sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar

Undirbúningur

1. Starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs er auglýst á vef Reykjavíkurborgar, í dagblöðum og eftir atvikum öðrum miðlum og er umsóknarfrestur er til 17. febrúar 2025.
2. Umsóknum skal skilað rafrænt á vef ráðningastofu.
3. Ráðgefandi hæfnisnefnd skal skipuð með erindisbréfi og nefndarmönnum tilkynnt um skipan.
4. Hæfnisnefnd setur upp matsviðmið. Matið skal byggt á viðmiðum sem leiða má af auglýsingu um starfið. Hæfnisnefnd ákveður hvernig hæfni umsækjenda skuli metin í ráðningarferlinu.
5. Að umsóknarfresti loknum skal innan þriggja sólarhringa birta opinberlega nöfn umsækjenda ásamt starfsheitum þeirra á vef Reykjavíkurborgar.
6. Umsækjendum skal tilkynnt um hverjir eiga sæti í ráðgefandi hæfnisnefnd.

Yfirferð umsókna

7. Hæfnisnefnd yfirfer umsóknir með tilliti til vanhæfis samkvæmt 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.
8. Hæfnisnefnd kannar hvort umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til starfsins samkvæmt auglýsingu með tilliti til menntunar og reynslu.
9. Þeir umsækjendur sem uppfylla kröfur um menntun og reynslu fá boð í fyrsta viðtal.
10. Haldin fundargerð um yfirferð og mat hæfnisnefndar á umsóknum.

Fyrsta viðtal

11. Hæfnisnefnd leggur fyrir umsækjendur staðlaðar spurningar um alla hæfnisþætti sem settir voru fram í auglýsingu.
12. Hver nefndarmaður metur svör umsækjenda sjálfstætt út frá þeim matsviðmiðum sem ákveðin voru í upphafi og skráir niður mat sitt.
13. Hæfnisnefnd fundar og fer yfir fyrstu niðurstöður matsins. Haldin er fundargerð.
14. Hæfnisnefnd leggur fyrir borgarráð tillögu að umsækjendum sem fari áfram í síðara viðtal.

Mat á hæfni - Síðara viðtal og verkefni

15. Hæfnisnefnd skal í síðara viðtali leggja fyrir umsækjendur staðlaðar spurningar um alla hæfnisþætti sem þarfnast ítarlegri skoðunar.
16. Hæfnisnefnd getur enn fremur lagt fyrir umsækjendur:
 - a. verkleg æfing
 - b. skriflegt verkefni
 - c. persónuleikapróf
 - d. hæfnispróf
 - e. kynning umsækjenda á framtíðarsýn eða nálgun sinni við tiltekin verkefni, t.d. raunhæft verkefni

f. frekari viðtöl

Val ofangreindra leiða ræðst af þeim hæfnisþáttum sem þarf að kanna betur hjá þeim umsækjendum sem eftir standa og þeim upplýsingum sem hæfnisnefnd telur æskilegt að afla.

17. Hver nefndarmaður metur svör umsækjenda sjálfstætt og skráir niður mat sitt.

18. Hæfnisnefnd fundar og fer yfir niðurstöður mats. Haldin er fundargerð.

19. Öflun umsagna frá fyrri vinnuveitendum eða öðrum umsagnaraðilum til að styðja við mat á hæfi umsækjenda.

Lokaskýrsla hæfnisnefndar

20. Hæfnisnefnd ritar skýrslu um störf sín þar sem fram kemur mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur taldir eru hæfastir miðað við þau hæfnisviðmið sem skilgreind hafa verið.

21. Skýrsla hæfnisnefndar er lögð fyrir borgarráð og nefndin gerir grein fyrir störfum sínum fyrir borgarráði ef þess er óskað.

22. Borgarstjóri gerir tillögu til borgarráðs um ráðningu að fenginni tillögu nefndarinnar.

23. Hljóti tillagan samþykki borgarráðs býður borgarstjóri viðkomandi aðila starfið.

24. Ráðgefandi hæfnisnefnd skilar öllum gögnum er verða til í ráðningarferlinu til mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg

1. gr.

Borgarráð hefur það hlutverk samkvæmt samþykkt nr. 1020/2019, um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, með síðari breytingum, að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum. Reglur þessar gilda um þær ráðningar.

2. gr.

Tilgangur reglnanna er að stuðla að því að val í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningarferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggja að baki vali á stjórnendum.

3. gr.

Áður en starf skv. reglum þessum er auglýst laust til umsóknar skal borgarstjóri leggja eftirfarandi fram til samþykktar í borgarráði:

- a. Tillögu að auglýsingu um starfið í samræmi við ákvæði reglna um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Í auglýsingunni skal koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hver umsóknarfrestur sé og hvert beri að skila umsóknum. Í auglýsingu skal einnig tilgreina þær kröfur sem umsækjendur um starfið skulu uppfylla sem og æskilega kosti þeirra að öðru leyti. Skal auglýsingin og þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda vera grundvöllur þeirra menntunar- og hæfnisviðmiða sem notuð verða við mat á umsóknum umsækjenda í ráðningarferlinu.
- b. Tillögu að skipan ráðgefandi hæfnisnefndar sem hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir og leggja mat á hæfni umsækjenda um starfið. Í hæfnisnefnd hverju sinni skulu a.m.k eiga sæti þrír einstaklingar, þar af einn utanaðkomandi aðili. Við skipan hæfnisnefndar skal tryggt að fyrir hendi sé góð þekking á viðkomandi málaflokki, stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og mannauðsmálum. Í tillögu kemur fram hver nefndarmanna gegnir formennsku. Jafnframt skal gætt að ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna við skipan hæfnisnefndar. Starfsfólk Reykjavíkurborgar sem skipað er í hæfnisnefnd fær ekki greitt sérstaklega fyrir þau störf en samið skal við utanaðkomandi um hæfilega þóknun fyrir störf í hæfnisnefndinni.
- c. Tillögu um áætlun að ráðningarferli, þar sem koma skulu fram upplýsingar um tilhögun ráðningarferlisins að öðru leyti, þar á meðal um hvort og þá hvaða aðili muni aðstoða hæfnisnefnd í störfum sínum.

4. gr.

Starfið skal auglýst laust til umsóknar í fjölmiðlum og á vef Reykjavíkurborgar þegar samþykkt borgarráðs liggur fyrir. Umsóknarfrestur skal almennt vera að minnsta kosti tvær vikur. Borgarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest áður en umsóknarfrestur er liðinn ef þörf krefur, að höfðu samráði við borgarráð og formann ráðgefandi hæfnisnefndar. Borgarráði er heimilt að víkja til hliðar ákvæðum um auglýsingu við sérstakar aðstæður, s.s. vegna flutnings starfsmanns úr einu starfi í annað.

5. gr.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn skal innan þriggja sólarhringa birta opinberlega lista yfir umsækjendur með starfsheitum þeirra.

6. gr.

Hæfnisnefnd skal leggja mat á umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferil. Jafnframt skal hæfnisnefnd sinna öðrum hefðbundnum störfum í ráðningarferlinu í samræmi við þá tilhögun ráðningarferlis sem samþykkt var í borgarráði. Fylgja skal reglum um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands eftir því sem við á, þ.e. varðandi atriði sem snúa að sérstöku hæfi nefndarmanna, verkefnum hæfnisnefndar og málsmeðferð, skýrslu nefndarinnar, þagnarskyldu, varðveislu gagna og aðgang að þeim.

Í störfum sínum ber hæfnisnefnd að fara að stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og öðrum lögum og reglum eftir því sem við á.

Hæfnisnefnd skal setja saman skýrslu um störf sín þar sem fram komi m.a. mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur teljast hæfastir miðað við skilgreind hæfnisviðmið um starfið.

7. gr.

Að fenginni skýrslu hæfnisnefndar og eftir atvikum að lokinni frekari meðferð málsins á vettvangi borgarráðs skal borgarstjóri gera tillögu um ráðningu í starfið til samþykktar borgarráðs. Öll gögn málsins skulu vera aðgengileg borgarráðsfulltrúum á sama tíma og önnur gögn sem lögð eru fram til afgreiðslu á fundum borgarráðs. Meti borgarráð það svo að þörf sé á frekari rannsókn málsins getur það vísað málinu á ný til hæfnisnefndar.

8. gr.

Borgarráð tekur að fenginni tillögu borgarstjóra ákvörðun um ráðningu. Taki borgarráð ákvörðun um að víkja frá tillögu hæfnisnefndar ber því að gæta að sömu lögum og reglum við málsmeðferð og hæfnisnefnd ber að gera og rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega. Áður en ákvörðun borgarráðs er birt skal veita hæfilegan tíma til að upplýsa aðra umsækjendur um ákvörðunina.

9. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 74. gr. samþykktar nr. 1020/2019, um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, með síðari breytingum.

Reglur þessar öðlast gildi 1. nóvember 2021. Við gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, frá 24. janúar 2019.

Samþykkt á fundi borgarráðs 28. október 2021